

Fwd: Styrkur vegna Dýrafjarðardag 2017

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : signytholl@gmail.com
Heiti : Fwd: Styrkur vegna Dýrafjarðardag 2017
Málsnúmer : 2017060042
Málsaðili : Íbúasamtökin Átak
Skráð dags : 16.06.2017 09:29:02
Höfundur : signytholl@gmail.com

Sæl Hjördís, fékk svarpóst um að senda á þig þar sem Þórdís er í sumarfrí. Grunar að efnið þurfi að fara til umfjöllunar hjá bæjarráði.

Kveðja, Signý

----- Áframsent skeyti -----
Frá: **Signý Þöll Kristinsdóttir** <signytholl@gmail.com>
Dagsetning: 16. júní 2017 kl. 08:54
Titill: Styrkur vegna Dýrafjarðardag 2017
Til: "thordissif@isafjordur.is" <thordissif@isafjordur.is>

Sæl Þórdís

Fyrir hönd Hverfaráðs Þingeyrar / Íbúasamtakanna Átaks óska ég eftir styrk til að geta greitt laun einstaklins sem tekur að sér skipulagningar og utanumhald á Dýrafjarðardögum 2017.

Styrkur að upphæð 250.000.- fyrir utanumhald og skipulagningu 2017.

Dýrafjarðardagar eru bæjarhátíð sem haldin hefur verið árlega fyrstu helgina í júlí, alls 18. sinnum og hefur vaxið og dafnað ár frá ári. Af föstum liðum hátíðarinnar má nefna Súpa í garði, barnaskemmtun, fjölskylduratleik, teymt undir börnum og fullorðnum, hoppukastalar og andlitsmálning, sölutjald, tónleikar, ball, vegleg grillhátíð með skemmtiatriðum og ýmsar fleiri uppákomur. Einnig er ár hvert keppt í strandblaki sem hluti af Íslandsmeistaramót.

Undanfarin ár hefur reynst erfitt að fá fólk til að taka að sér skipulagning og utanumhalda hátíðarinnar og var það sett í hendur Hverfisráðs Þingeyrar / Íbúasamtakanna Átaks að ákvarða örlög hátíðarinnar. Til verksins þarf kröftugan einstakling enda lögð mikil vinna í undirbúning allt frá áramótum og utanumhald og snúningar eru mikil vinna yfir hátíðina sjálfa.

Með von um góð viðbrögð,

F.h. Hverfaráðs Þingeyrar / Íbúasamtakanna Átaks

Signý Þöll Kristinsdóttir, ritari